

anton yelchin hope davis kat dennings and robert downey jr.

charlie bartlett

Þegar Charlie Bartlett talar þá hlusta allir!

12

SÝND Í ÁLFABAKKA OG KRINGLUNNI

DENNIS QUAID, SARAH JESSICA PARKER, ELLEN PAGE, OG THOMAS HADEN CHURCH

★★★★ -S.V. MORGUNBLAÐIÐ
★★★★ -TOMMI, KVIKMYNDIR.IS
★★★★ GUARDIAN
★★★★ -H.G.G., POPPLAND

12

smart people

Frábær gamanmynd frá framleiðendum Sideways.

RÁS Morgunblaðið

SÝND Í KRINGLUNNI **midi.is** GAGNVAÐANINN

16

★★★★ -S.V., MBL
★★★★ -DV

TROPIC THUNDER

SÝND Í ÁLFABAKKA OG SELFOSSI FRÁ BEN STILLER KEMUR EIN KLIKKADASTA GRÍNMYND ÁRSINS!

★★★★ -P.P., D.V.
★★★★ -Ó.H.T., RÁS 2
★★★★ -24 STUNDIR
★★★★ -S.V., MBL

★★★★ -B.S., FBL

Sveitabréðkaup

Kvikmynd eftir Valdísi Óskarsdóttur

SÝND Í ÁLFABAKKA, AKUREYRI, KEFLAVÍK OG SELFOSSI

SPARBÍÓ á Journey To The Centre Of The Earth sýningar merktar **850 kr** með grænu í SAMBÍÓUNUM ÁLFABAKKA OG KRINGLUNNI

SAMBÍÓ / ÁLFABAKKA			
CHARLIE BARTLETT	kl. 5:50 - 8:10 - 10:30	B.1. 12 ára	
JOURNEY TO THE C...	kl. 1:30 3D - 3:40 3D - 5:50 3D - 8:30 3D - 10:10 3D	LEYFD	3D - DIGITAL
TROPIC THUNDER	kl. 5:50 - 8:10 - 10:30	B.1. 16 ára	
SVEITABRÚDKAUP	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8:20	LEYFD	
DARK KNIGHT	kl. 5:30 - 10:30	B.1. 12 ára	
DARK KNIGHT	kl. 2 - 5:50 - 8:40	B.1. 12 ára	LÚXUS VIP

SAMBÍÓ / KRINGLUNNI			
CHARLIE BARTLETT	kl. 5:50 - 8 - 10:10	B.1. 12 ára	
JOURNEY TO THE C...	kl. 1:40 3D - 3:50 3D - 6:30 3D - 8:10 3D - 10:20 3D	LEYFD	3D - DIGITAL
SMART PEOPLE	kl. 3:40 - 8 - 10:10	B.1. 12 ára	
GET SMART	kl. 1:30 - 3:40 D - 5:50	LEYFD	DIGITAL
WALL • E m/vis. tali	kl. 1:30 D	LEYFD	DIGITAL

„Hrósa ber þeim sem hrós eiga skilið“

- Guðbjörg Kristín Ingvarsdóttir og Steingrímur Eyfjörð hlutu Sjónlistaorðuna í gærkvöldi
- Steina, Steinunn Bjarnadóttir Vasulka, hlaut heiðursorðu fyrir æviframlag til myndlistar



Orðuhafar Steina, Steingrímur Eyfjörð og Guðbjörg Kristín. Morgunblaðið/Skapti Hallgrímsson

Munun að hönnun er auðlind til framtíðar,“ sagði Guðbjörg Kristín Ingvarsdóttir skartgripahönnuður, er hún tók við Sjónlistaorðunni við hátíðlega athöfn á Akureyri í gærkvöldi. Hún var tilnefnd fyrir fimm skartgripalínur sem kynntar voru á síðasta ári.

Steingrímur Eyfjörð myndlistarmaður hlaut Sjónlistaorðuna fyrir framlag Íslands til Fenejvatváeringsins í fyrra, sýninguna Lóan er komin.

Tvær milljónir króna koma í hlut hvors listamanns en þetta eru hæstu verðlaun sem veitt eru á sviði myndlistar og hönnunar hér á landi.

Þá hlaut Steina, Steinunn Bjarnadóttir Vasulka, heiðursorðu Sjónlistar fyrir einstakt æviframlag til sjónlistanna. Steina er einn af frumkvöldum myndbandalistarinnar en hún hefur um áratuga skeið verið búsett í Bandaríkjunum.

Hvetur sem flesta til afreka

„Hógværð er ágæt út af fyrir sig, en í seinni tíð hafa menn hér á landi, líkt og annars staðar, áttað sig á því

að sinnuleysi um vel unnið verk er ekki til þess fallið að hvetja menn til frekari dáða. Er ástæða til að fagna því að á síðari árum hefur verið aukinn skilningur á því að það beri að hrósa þeim sem hrós eiga skilið, og viðurkenna þá sem eru leiðandi á sínu sviði, og þar með hvetja sem flesta til enn frekari afreka í framtíðinni,“ sagði Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra áður en hún afhenti heiðursorðuna.

Þetta er þriðja árið sem Sjónlistaorðan er veitt. Markmiðið með henni er í fyrsta lagi að beina sjónum að framúrskarandi framlagi íslenskra myndlistarmanna og hönnuða sem starfa hér heima og erlendis. Í öðru lagi á hún að stuðla að aukinni þekkingu, áhuga og aðgengi almennings að sjónlistum, og loks að hvetja til faglegrar þekkingarsköpunar og bættra starfsmöguleika sjónlistafólks á Íslandi.

Hjalti Geir Kristjánsson og Sigurður Eggertsson voru einnig tilnefndir til hönnunarverðlaunanna, og Margrét H. Blöndal og Ragnar Kjartansson til myndlistarverðlaunanna. efi@mbl.is



Myndaði Steina tók athöfnina upp á myndband, fyrir dagbók sína.